

2. fundur í skólaráði Álfhólsskóla 10. desember 2010.

Mættir: Anna Guðný Björnsdóttir, Eiríkur Ólafsson, Kristján Óli Ingvarsson, Kristófer Eggertsson, Magnea Einarsdóttir, Marinó Marinósson, Rúna Björk Þorsteinsdóttir, Sigrún Bjarnadóttir, Særún Sigurjónsdóttir og Össur Geirsson.

Dagskrá:

1. Svör við spurningum frá fulltrúum foreldra í skólaráði.

Á fundi skólaráðs þann 25. nóvember 2010 lögðu fulltrúar foreldra fram blað með spurningum sem þau óskuðu eftir svörum við. Skólastjórar Álfhólsskóla þær Magnea Einarsdóttir og Sigrún Bjarnadóttir fóru yfir þessar spurningar og svöruðu þeim eftir bestu getu.

2. Gengið um skólann í Digranesi.

Ákveðið var að fresta því að ganga um skólann í Digranesi vegna tímaskorts.

3. Önnur mál

Fulltrúi kennara lagði til að innkaup nemenda verði skipulögð með samvinnu skóla og foreldra. Sumir skólar á höfuðborgarsvæðinu hafa þann háttinn á sem hefur gefið góða raun og sparað fjármuni. Foreldrar tóku vel í þessa hugmynd og skoðað verður betur þetta mál í nánustu framtíð.

Fulltrúi foreldra lagði til að fundað verði um niðurstöðu samræmda prófa. Almennar umræður urðu um málið.

Eiríkur Ólafsson fundarritari.

Fundi lokið.